

Á árunum kringum 1936 voru samgöngur á Akureyri fremur frumstæðar. Prívat bílar voru örfáir (mest eignir lækna) og brekknanna vegna komu reiðhjól að litlu gagni. Maður þurfti því að reiða sig á að fara gangandi hvert sem þurfti. Miðbærinn var því mjög fjölfarinn og maður þekkti marga sem þar fóru um. Allir bæjarbúar báru kennsl á kennara menntaskólans og litu til þeirra með virðingu. Meðal annars man ég eftir að sjá Guðmund einstöku sinnum þar á gangi og komst að því að þarna gengi stærðfræðikennarinn í Menntaskólanum. Þegar ég var á förum til Kaupmannahafnar haustið 1946 fór ég með vini mínum Steingrími Pálssyni heim til Guðmundar til að fræðast um stærðfræðinámið í Höfn, vitandi að Guðmundur hafði verið þar í stærðfræðinámi á stríðsárunum. Hann tók okkur mjög vingjarnlega og gaf okkur margar góðar ráðleggingar, ma. útvegaði okkur "Studenterhaandbogen" sem var full af nytsömum fróðleik svo við yrðum ekki alveg eins og álfar út úr hól þegar til Hafnar kæmi. Guðmundur var þá þekktur skákmaður og ég man mætavel eftir fjölskák sem hann tefldi við hóp sterkustu skákanna á Akureyri, sennilega sumarið 1946. Eftir að ég lauk námi hitti ég Guðmund einstöku sinnum, aðallega á fundum Íslenzka stærðfræðafélagsins. Eftir að ég fluttist vestur um haf fylgdist ég dálítið með skákfréttum frá Íslandi, meðal annars skákdálkum Guðmundar í Helgarpóstinum. Vorið 1986 fékk ég mér Mac tölvu með skákforiti og bætti við öðru forriti "Psion" og атаði þessum forritum saman á maximum tíma yfir nótt. Mér datt í hug að segja Guðmundi frá þessum viðburðum mínum. Og viti menn, frá þessu byrjuðu bréfaskipti okkar sem héldust nokkuð reglulega í 10 ár allt til fráfalls Guðmundar. Það var mér óblandin ánægja í hvert skipti sem ég fann þykkt blátt bréf í póstkassanum með fallegu íslenzku frímerki. Fékk mér þá kaffibolla og naut þess að lesa þessi löngu handskrifuðu bréf. Já tölvupóstinn vantar þennan sjarma. Ég hef í gær notið þess mikið að fara í gegnum þessi bréf okkar, enda var hann snillingur í ræðu og riti. Gott dæmi þess er Andvara grein hans um Sigurð Guðmundsson skólameistara sem hann sendi mér í handriti. Við byrjuðum á að skrifa ýmsar bollaleggingar um skák og stærðfræði og bera saman þetta tvennt. Í báðum tilfellum er um að ræða athuganir á lógískum röðum, sem einnig hafa sínar fagurfræðilegar hliðar. Keppnishliðin á skákinni hefir ekki beina hliðstæðu í stærðfræðinni. Í skák er ekki hægt að taka upp leiki en sönnun á stærðfræði setningu byggist hinsvegar fyrst og fremst á að "taka upp leiki", þ.e.a.s. reyna nýjar og nýjar aðferðir. Stærðfræðin er því líkari skákdæmum og hér naut Guðmundur sín bezt. Þrátt fyrir góðan árangur í skákkeppnum (eins og í frægri för til Buenos Aires) var það hin fagurfræðilega hlið skákarinnar sem heillaði hann mest. Einstein sagði við heimsmeistarann Emanuel Lasker (sem hafði í doktorsritgerð sannað merkilega setningu í algebru) að hann hefði óbeit á "the aggressive nature of the game". Þetta hefði átt vel við Guðmund þótt hann heillaðist af skákglímu sem áhorfandi. Við skiptumst þannig á um stærðfræði og skákfréttir; ég hef alltaf haft gaman af skákdæmum og fagnaði því mikið þegar hann sendi mér bók sína "Skáldskapur á Skákbörði" þar sem mörg gullkorn er að finna. Ég sendi honum líka efni um hina frægu Fermat setningu og minningargrein um indverska stærðfræðinginn Harish Chandra sem ég kynntist vel bæði á Columbia og við Institute for Advanced Study í Princeton. En við áttum einnig margar minningar frá Kaupmannahöfn og hann sendi mér handrit að grein sinni "Liðnar stundir; nokkrar minningar frá árunum 1936 - 1945". Hann lýsir þar á sjarmerandi hátt árunum þegar hann byrjaði kennslu á MA en mest af greininni fjallar um líf Íslendinga á hernámsárunum í Höfn. Greinin kom út í bókinni "Í hlutarins eðli" sem er afmælisrit til heiðurs Þorbirni Sigurgeirssyni. Ágæt lesning, sérstaklega fyrir

Þá sem hafa kynnst Höfn af eigin reynslu en einnig vegna upplýsinga um hinn frábæra vísindamann Þorbjörn Sigurgeirsson, allt frá námsárum hans á Akureyri þar sem Guðmundur kenndi þá. Þegar ég fór að kynnst yngri stærðfræðingum á Íslandi tók ég eftir því að meðal þeirra yngstu voru margir sem ekkert könnuðust við Ólaf Danielsson. Ég hafði notað og haft mikið gagn af öllum bókum hans þannig að mér fannst þessi yfirsjón hneykslanleg. Ég hafði þá kynnt mér ritverk Ólafs á erlendri grundu og sá að hér var um að ræða bæði mikinn kennara og vísindamann. En þar fyrir utan sýndi sagan að hann þurfti að berjast mikið fyrir að fá stærðfræði kennda í menntaskólanum. Hann ber því að skoðast sem einn mesta menntafrömuð Íslands. Mér fannst því alveg sjálfsagt að eitthvað yrði skrifað um Ólaf sem kennara, vísindamann og brautryðjanda. Ég þar þetta undir Guðmund og stakk upp á að við ynum saman um slíka grein. Hann tók hugmyndinni vel en okkur fanst að timaritsgrein myndi gleymast of fljótt svo við skrifuðum 90 bls. kver um Ólaf með titlinum "Stærðfræðingurinn Ólafur Dan Danielsson, Saga Brautryðjanda" sem var gefin út af Háskólaútgafunni 1996. Fjallar kverið um líf og störf Ólafs með nokkrum af hans greinum. Við heimsóttum Kristínu Kaaber, dóttur Ólafs til að fá uppástungur frá henni. En því miður sagði hún að ekkert væri til af bréfum Ólafs frá Hafnarárum hans. Þau hefðu ábyggilega verið góð lesning því Ólafur var skarpur penni. Hinsvegar sagði Guðmundur mér seinna (hann var þá kominn á spítala) að á kennslustofu MH væri skinnbundin bók eftir Ólaf. Ég fékk þessa bók lánaða hjá Lárusi rektor. Hún reyndist vara leðurinnbundin bók með heimaverkefnum frá síðasta ári Ólafs í Höfn. Þetta munu etv. vera tveggja vikna heimaverkefni en allur frágangurinn var ágætur og allar myndir nákvæmlega dregnar. Ólafur hefir vafalaust verið frábær nemandi og á námsárum sínum birti hann nokkrar smágreinar í Matematisk Tidskrift. Guðmundur var kominn á spítala þegar við unnum að prófarkalestri af bókinni. Að skilnaði gaf hann mér bókina "Miniature Chess Problems" eftir Colin Russ. Þessa bók hafði hann eignast Nóv.1984 í Höfn en áletrunin til min var "Til Sigurðar Helgasonar með þökk fyrir samstarfið við kverið um Ólaf Dan" . 15. Okt. 1996. Þessi bók hefir gefið mer mikla ánægju og hlýjar minningar um vináttu við hinn mikla heiðursmann sem Guðmundur Arnlaugsson var.